

Reykjavík 11.maí 2022

## Stjórnarfundur

Haldinn í Síðumúla 37 klukkan 18.00

Mættir, Brynjar, Guðný, Sigurður, Hrannar, Gunnar, Dagbjört og Gunnlaugur

1. Fundargerð síðasta fundar  
Var samþykkt rafrænt milli funda.
2. Landsliðsmál  
Gunnar og Gunnlaugur fóru yfir hvernig var staðið að vali á landsliði. Borist hefur erindi þar sem gagnrýnt var að ekki var farið eftir þeim reglum sem ákveðnar höfðu verið og óskað viðbragða. Landsliðsnefnd tók undir að ekki hefði tekist nægjanlega vel til. Bað Gunnlaugur afsökunar fyrir hönd nefndarinnar og fór yfir að verklag yrði bætt. Tók Brynjar undir afsökunarbeiðni Gunnlaugs fyrir hönd stjórnar.
3. Erindi frá Birni Eysteins  
Samþykkt að styðja Seniora lið um 350.000 vegna EM sem yrði greitt út síðar á árinu þegar fjárhagur leyfði. Einnig var rætt um að skoða almennt í framhaldinu hvort landsliðsnefnd ætti ekki að taka að sér stærra verkefni með liðið. Rætt var um stórgóðan árangur liðsins á Ítalíu þar sem vantaði aðeins herslumun að liðið kæmist áfram.
4. Kjördæmamót á Akureyri  
Öll gömlu kjördæmin eru búin að láta vita af þátttöku. Færeysjar geta ekki tekið þátt að þessu sinni en ætla að vera með á næsta ári. Hafa heimamenn staðið mjög vel að undirbúningi og stefnir í skemmtilegt mót.
5. Starfið framundan

Sumarbridge er að hefjast 11.maí, spilað verður á miðvikudögum og svo bætast föstudagar við í júní. Mótaskrá fyrir 2022-2023 er nánast tilbúinn hjá mótanefnd og mun væntanlega verða kynnt í næstu viku. Opnað verður fyrir skráningu í bikarkeppnina í næstu viku og verður kynnt á kjördæmamótinu.

#### 6. Fjármálin

Staðan er mjög þröng, landsliðsverkefni bætast ofan á erfiðan fjárhag. En viðræður um endurskoðun á þjónustusamning, mögulegur Covid styrkur og styrkir frá fyrirtækjum sem stórn er í viðræðum við munu vonandi koma sambandinu vel.

#### 7. Önnur mál

Ekki voru önnur mál.

Fundi slitið 19.00